

1865.

8. júlí.

49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum fyrir aðstoð þá, er hún veitir sjúkum.

Eptir að hafa skrifazt á við fjárstjórnina, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, í bréfi dagsettu 27. marzmán. þ. á. veitt Solveigu Markússen, yfirsetukonu á Vestmannaeyjum, fyrst um sinn á meðan læknisembættið þar er óveitt, 10 ríkisdali um mánuðinn frá 1. degi aprílmán. þ. á. í þóknunarskyni fyrir að veita hinum sjúku þar á eyjunum aðstoð þá, sem henni er auðið, eptir því sem ástatt er.

Um leið og yður er kunngjört þetta yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, þá skal þess getið, að samkvæmt uppástungu yðar ber að greiða þóknun þessa af launum þeim, sem ákveðin hafa verið handa læknisembættinu á Vestmannaeyjum, og að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið ritað um að greiða þóknunina úr jarðabókarsjóðnum.

15. júlí.

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfélagi á Vestmannaeyjum.

Eptir að dómsmálastjórninni nú með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 7. júlímán. f. á., hefir borízt listi yfir bækur þær, sem forstöðumenn lestrarfélagsins á Vestmannaeyjum einkum hafa æskt eptir að keyptar væru, hefir dómsmálastjórnin veitt lestrarfélagi þessu 200 rd. til þess að kaupa bækur fyrir; höfum vèr síðan látið kaupa rit þau, er nefnd eru á lista þeim, sem fylgir með bréfi þessu, og hefir fè það, sem veitt var, gengið upp til þess að kaupa bækurnar og binda þær, og til umbúða um þær.

Þetta gefst yður hérmeð til vitundar, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, og